

Fundargerð 13.12.2018

Mætt voru: Vala Steinsdóttir, grenndarfulltrúi, Jökull Pétursson, fulltrúi foreldra, Katrín Ásta Hafsteinsdóttir fulltrúi foreldra, Ellý Erlingsdóttir fulltrúi kennara og Erla Jónsóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Hafsteinn Ingólfsson húsumsjónarmaður. María Pálmadóttir skólastjóri sem stýrði fundi og Margrét Ólöf Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

- Húsnæði skólans
- Afmælishátíð skólans

Afmælishátíðin: Við ætlum að halda upp á afmælis skólans. 4.5.og 6. júní. María fór yfir þær hugmyndir sem komu frá kennurum sem á eftir að vinna nánar úr í samráði við afmælisnefndina.

Hafsteinn kom á fundinn og við ræddum um að María og Hafsteinn myndu skrifa bréf þar sem kæmi fram að það er orðið tímabært að laga skólann að utan. Húsið hefur látið mjög á sjá, múrinn, ryðtaumar, þakið er orðið mjög ryðgað. Hafsteinn telur að það sé mjög stór framkvæmd og kostnaðarsöm. Það þarf líka að gera mikið fyrir lóðina því hún samræmist ekki þeim stöðlum sem eru í dag. Hafsteinn telur að húsið verði málað í sumar. María telur að heppilegt væri að kalla Sigrúð frá framkvædasviði og Stefán sem heldur utan um framkvæmdir bæjarins til fundar við skólaráðið.

Hafsteinn fór yfir þær endurbætur sem gerðar hafa verið.

- Gert var við þakið við bókasafnið og þakgluggarnir lagaðir. Eftir það hafa þeir haldið regni.
- Gluggarnir í báðum endum teknir í gegn og settar filmur innan á gluggana til þess að hægt væri að nýta stofurnar. Því þar var ýmist mjög kalt eða heitt.
- Búið er að laga aðalanddyrið sett upp ný rafmagnshuð og nýir dúkur á gólfið.
- Búið er að laga lýsingu á skólalóð.
- Búið er að laga dúka í unglíngaanddyri, miðanddyri.
- Búið er að laga kaffistofu starfsmanna. Settur var dúkur á þakið á kaffistofunni. Hljóðvistin þar var líka lögðu.
- Búið er að endurnýja húsgögn í yngri deild og hjá unglíngunum.

Dúkar eru víða illa farnir og kominn tími til að skipta þeim út. Allar útihurðir eru orðnar lélegar.

Skólaráð

Rætt um að senda bréf til bæjarstjóra og fræðsluráðs. Ellý taldi að það væri heppilegt að tala fyrst við bæjaryfirvöld og kanna hvað þeir ætli að gera. Við myndum svo í framhaldi senda bréf til bæjarins þar sem óskað væri eftir auknu fjármagni til framkvæmda.

Ræddum um merkingar á skólalóð fyrir sjónskerta. BSÍ gerir úttekt einu sinni á ári. Við höfum ekki fengið þessa skýrslu í hendurnar í ár. Þurfum að kalla eftir henni.

María sýndi okkur nýja reglutöflu

Ræddum líka hvort við ættum að herða símareglurnar. Við ætlum að ræða þetta á skólapingi til þess að fá sjónarmið nemenda.

Skólapingin verða sem hér segir: Starfsfólkið 28. janúar, foreldraþingið 2. febrúar kl. 10-13. Nemendapingið verður á skólatíma.

Önnur mál:

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.